



Add Ice Travel Addís hf.
Álftaland 17 · 108 Reykjavík · Iceland
Tel.: 354-588 5555 · Fax: 354-588 5554
Kt.: 460593-3369

Alþingi
Erindi nr. P 123/567
komudagur 10. 12. 198

Reykjavík, 9. desember 1998

Vilhjálmur Egilsson
Alþingi

Sæll vertu Vilhjálmur!

Í gær átti ég fund með fjármálaráðherra þar sem rætt var um vörugjald sérútbúinna jeppabifreiða. Ég lagði þar fram ýmis gögn sem ég sendi ykkur hérmeð. Vona að þið getið haft einhver áhrif á gang mála.

Með kærri kveðju
Arngrímur Hermannsson
Addís ehf

Afrit sent Gunnlaugi Stefánssyni, Alþingi

Reykjavík 26.06.1996

Samkeppnisstofnun

Laugavegi 118

101 Reykjavík

Undirritaður framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Addís sem hefur ferðaskrifstofuleyfi nr. 41 frá 1990 óskar eftir úrskurði samkeppnisstofnunar á mismunandi rekstrarfyrirkomulagi ferðaskrifstofa. Óska ég eftir því að samkeppnisstofnun leggi mat á hvort eftirfarandi framkvæmd sæmræmist íslenskum lögum. Ef svo er, þá hvort ferðaskrifstofum sé mismunað.

Tilurð þessarar kæru er eftirfarandi.

Í mörg ár hefur Ferðaskrifstofan Addís átt viðskipti við þýsku ferðaskrifstofuna Islands tours í Hamborg sem er í eigu Íslendinga. Í 3 ár hefur Addís framkvæmt ferð í bæklingi þeirra sem heitir Action tour. Þetta er 5 daga ferð um Ísland á jeppum.

Nú bregður svo við að Island tours afpakkar okkar þjónustu. Síðan þá hafa tvær brottfarir verið í þessa ferð 10. júní og 24. júní. Greinilegt er að ferðaskrifstofan Island tours hefur náð betri samningum við ferðaskrifstofuna Íslandsferðir sem getur í sjálfu sér verið eðlilegt. Hitt er óeðlilegt að okkar mati að ábyrgðaraðili ferðarinnar, væntanlegur ferðaskrifstofuleyfishafi, sem á að sjá til þess að ferðin sé framkvæmd samkvæmt íslenskum lögum skuli nota til ferðarinnar gráan Toyota Landcruiser á gulu erlendu númeri WT 076 með tímabundið ökuleyfi á Íslandi. Mjög mörg vitni eru að þessu enda verður ferðaskrifstofan að panta í sínu nafni ýmsa þjónustu svo sem gistingu, mat, hestaferð, bátaferð, vélsleðaferð, og hjólabátaferð.

Addís á og rekur slíkan jeppa. Kaupverð á Íslandi eftir síðustu verðlækkun er kr. 5.000.000,-. Slíkur jeppi kostar í Þýskalandi DEM 80.000,- eða um 3.500.000,- íslenskar krónur. Ekki er nóg með að innkaupsverð er mun lægra heldur eru öll opinber gjöld á Íslandi einnig mun hærrí. Það gefur auga leið að við verðum alltaf með hærra verð á jeppaferðum ef þetta er leyfilegt. Eina sem við óskum eftir er að hafa sama rekstrargrundvöll og önnur löggild fyrirtæki í ferðapjónustunni.

Ef samkeppnisstofnun telur þetta ekki sitt að útskurða um, þá óskum við eindregið eftir því að stofnunin komi þessari kærú til rétttra aðila. Þar sem ofangreindir aðilar og við eigum að öðru leyti í ágætum viðskiptum óskum við eftir því að farið verði með þetta mál sem trúnaðarmál. Og ef um ólöglega viðskiptahætti er að ræða verði þeir stöðvaðir hið fyrsta áður en meiri skaði er skeður. Ef hins vegar þetta er löglegt, þá getum við að sjálfsögðu notað sömu aðferðir.

Með ósk um skjót viðbrögð.

Virðingarfyllst,

Arngrímur Hermannsson.

Samgönguráðuneytið,
Hafnarhúsinu,
Tryggvagötu.


Reykjavík, 23. júlí 1996

Í framhaldi af kæru Ferðaskrifstofunnar Addís á hendur Íslandsferða sem send var Samkeppnisstofnun (26. júní) sem sendi hana áfram til Samgönguráðuneytisins (3.júlí) óskum við eftir því að vita hvað Samgönguráðuneytið hefur gert í því. Tilfnið er að Íslandsferðir nota í vinnu hjá sér í sumar Toyota Landcruiser á erlendu skrásetningarnúmeri í reglulegum ferðum með ferðamenn.

Við óskum eftir því að ráðuneytið úrskurði sem fyrst hvort þetta sé leyfilegt eða ekki?

Virðingarfyllst,
Arngrímur Hermannsson

Fylgiskjal: Ljósrit af bréfi til Samkeppnisstofnunar.



Add Ice Travel **Addís hf.**
Álftaland 17 · 108 Reykjavík · Iceland
Tel.: 354-588 5555 · Fax: 354-588 5554
Kt.: 460593-3369

Reykjavík, 26. nóvember 1998

Fjármálaráðuneytið
b.t. Geirs H. Haarde
Arnarhváli
101 Reykjavík

Sæll vertu Geir!

Það hefur lengi staðið til að ég sendi þér nokkrar línur. Við rekum fyrirtækið Addís sem hefur sérhæft sig í ævintýraferðum á jeppum upp á hálendi og jökla landsins og er Addís fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar á landinu.

Við höfum verið að byggja upp fyrirtækið undanfarin 10 ár og nú er svo komið að við förum með 10-12 þús. ferðamenn til fjalla á ári. Við höfum eingöngu verið í markaðssetningu erlendis og þá mikið í samráði við Flugleiði. Um 90% af ferðamönnum eru erlendir og stærsti hluti þeirra kemur hingað í svokallaðar hvataferðir sem oft og tíðum eru ferðir stórfyrirtækja þar sem verið er að verðlauna starfsmenn.

Okkur hefur tekist að byggja upp ferðamennsku á veturna þannig að það hefur verið hægt að reka fyrirtækið á heilsársgrundvelli undanfarin ár. Mánuðirnir mars og apríl eru háannatími fyrirtækisins þar sem jeppar eru nýttir til ferðalaga á snjó. Margir hafa notið góðs af þessari fjölgun ferðamanna á veturna og má þar nefna t.d. flugfélög, veitingastaði og gististaði. Eins og nýjustu tölur Ferðamálaráðs sýna er nú í fyrsta skipti öll aukning ferðamanna á þessu ári á svokölluðum jaðartímabilum eða á haustin og veturna, en á sama tíma hefur orðið fækkun ferðamanna yfir sumarmánuðina júlí og ágúst.

Aðalflutningstæki Addís eru svokallaðir ofur-jeppar (superjeep). Þeir taka 4-5 farþega hver og eru með stóra vél. Vörugjald slíkra bifreiða er 60% og gerir það okkur mjög erfitt um vik með fjárfestingu og endurnýjun þessara bíla.

Vörugjald af hópferðabilum, sem taka 9 farþega eða fleiri, en samt með sömu vélarstærð, er mun lægra og hefur verið að lækka. Á meðan hefur ekki orðið nein breyting í jeppaflokknum.

Þar sem við erum með atvinnurekstur væri möguleiki á einhverju svipuðu fyrirkomulagi og með hópferðabifreiðar. Útfærslan yrði að vera örugg að því leyti að einungis þeir fengju lægra vörugjald sem hafa atvinnu af jeppaferðum og eru með tilskilin leyfi frá Samgönguráðuneyti til þess atvinnureksturs.

Ég óska eftir að fá tækifæri til að koma til ykkar og ræða þessa hluti nánar.

Með kærri kveðju

Arngrímur Hermannsson

Fundur Fjármálaráðuneyti

8. desember 1998

Arngrímur Hermannsson, Addís ehf

Vörugjald jeppa

Til fjallaferða þarf jeppa með stórar vélar, sérstaklega til aksturs í snjó. Þessir jeppar lenda í hæsta vörugjaldaflokki, þó að um atvinnutæki til hópferða sé að ræða.

Lagt er til

*Sömu reglur gildi um vörugjald af sérútbúnum jeppum til fjallaferða, sem taka færri en 9 farþega, og gilda um aðrar hópferðabifreiðar (nú 25%).

*Sækja má um lækkun á vörugjaldi eftir að bifreiðin hefur fengið hópferðaleyfi.

*Jepparnir verða að vera ætlaðir til fólksflutninga og að hafa fengið hópferðaleyfi, eins og segir í drögum að nýjum lögum um hópferðaleyfi, sem liggur nú fyrir. Þar er gert ráð fyrir að Vegagerðin annast veitingu leyfa og eftirlit. Þangað til gildir að viðkomandi hafi hópferðaleyfi.

*Eigandi verður ennfremur að hafa grunnleyfi til skipulagningar fólksflutninga og ferðapjónustu, þ.e. ferðaskrifstofuleyfi A eða ferðaskrifstofuleyfi B. Samgönguráðuneytið annast veitingu þessara leyfa.

* Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum veitir Fjármálaráðuneytið leyfi til þess að tollameðferð slíkra jeppa verði í samræmi við aðrar hópferðabifreiðar.

* Að öðru leyti gilda sömu reglur um sérútbúna jeppa fyrir 8 farþega eða færri og nú þegar gilda um aðrar hópferðabifreiðar.

Pungaskattur dísel-bifreiða

*Nú nær fastagjald pungaskatts til bifreiða allt að 4000 kg að heildarpunga að hámarki, þ.e.a.s. eigin þyngd og farmur. Ef menn vilja, geta þeir verið á km-gjaldi. Við 4000 kg heildarpunga eða meira verða allar bifreiðar að vera á km-gjaldi.

*12 manna Ford Transit er skráður frá verksmiðju undir 4000 kg og eigandi getur valið um fast gjald eða km-gjald.


*12 manna Ford Econoline er skráður frá verksmiðju 4309 kg og verður að vera á km-gjaldi.

*Skráningarstofa Íslands leyfir ekki í dag að Econoline bifreiðin sé skráð niður í heildarþyngd, en slíkt er leyfilegt í nokkrum öðrum löndum.

*Báðum bifreiðunum er hægt að breyta í sérútbúinn fjallabíl.

*Ford Econoline er miklu sterkari bíll og betur fallinn til breytinga en Transit. Eftir breytingar taka þessir bílar 6-8 farþega og er því heildarþyngd bifreiðarinnar vel innan við 4000 kg.

*Leyfi vantar til að fá að skrá slíkan bíl niður í heildarþyngd. Það má gera það við sérskoðun bifreiðarinnar. Þá væri hægt að velja bestu bifreiðina til breytinga. Eini munurinn á þessum tveim bílum er sá að verksmiðjan leyfit miklu meiri burð en þörf er fyrir.



Add Ice Travel

Tangarhöfði 7 - 112 Reykjavík - Iceland
Tel 354-577-5500 Fax 354-577-5511
e-mail: addice@addice.is www.addice.is
kt. 460593-3369

Til: Samgönguráðuneytið

b.t.: Ólafar Nordal

Símbréf:

Varðandi: Ný lög vegnsa fólksflutningar.

Frá: Arngrímur Hermannsson

Dags: 04.12.1998

Vegna frumvarps til laga um skipulag á fólksflutningum með hópþifreiðum.

Við hjá Addís höfum kynnt okkur nýja frumvarpið. Ný lög, skv. 9. gr. um akstur sérútbúna þifreiða, falla undir okkar starfsemi.

Okkar fyrirtæki hefur 6-8 sérútbúna jeppa til ráðstöfunar. Þessir bílar taka 4-6 farþega. Þegar um stærri hóp er að ræða köllum við til jeppa í einkaeign og gætum þess að þeir hafi þau réttindi og tryggingar sem nauðsynlegar eru. Þetta eru 15-20 menn sem við erum með samning við. Þessir menn starfa fyrir Addís sem hefur A-ferðaskrifstofuleyfi. A-leyfi er víðtækara en B-leyfi og veitir okkur heimild til að selja þjónustu annarra til þriðja aðila. Trygging A-leyfis er eftir mati ráðuneytisins og er núna 10 milljónir auk þess hafa flestir A-leyfishafar ábyrgðartryggingar í gildi gagnvart þriðja aðila.

Í framhaldi af bréfi Þorleifs Þórs Jónssonar þar sem hann stýngur uppá að fyrirtæki geti fengið leyfi skv. 3. gr. án þess að hafa nokkurn sérútbúin jeppa skráðan en uppfylli samt skilyrði í lið tvö og þrjú í 10. gr., tel ég rangt að fyrirtæki fái slíkt leyfi án þess að hafa nokkurn slíkan s.ú.b. jeppa skráðan. Þessi þjónusta mjög sérhæfð og krefst mikila sérþekkingar og reynslu. Þeir sem eiga ekki súb jeppa eða ekki með leyfi fyrir slíkan súb jeppa ættu ekki að skipuleggja slíkar ferðir.

Ennfremur verður viðkomandi að hafa víðtækara ferðaskrifstofuleyfið A leyfi til að selja í umboðsölu þjónust annara, eins og segir í ferðaskrifstofulögunum.

Seinni hluti sömu málsgreinar Þorleifs um að slíkt fyrirtæki gæti verið með í þjónustu sinni bíla sem það ábyrgðist

Þessu erum við sammála, en framkvæmdin byggist á því að viðkomandi fyrirtæki sækir um leyfi fyrir ákveðna jeppa til viðbótar sínum súb jeppum. Ráðuneytið gæti þannig samþykkt slíka umsókn með tilliti til baktryggingar og fjárhagsstöðu fyrirtækisins sem sækir um fyrir þessa aðila



Add Ice Travel

Tangarhöfði 7 - 112 Reykjavík - Iceland
Tel 354-577-5500 Fax 354-577-5511
e-mail: addice@addice.is www.addice.is
kt. 460593-3369

Að sjálfsögðu ábyrgist síðan fyrirtækið að bílstjórar hafi full ökuréttindi og tryggingar súb jeppans séu í lagi.

Með þessu móti er hægt að tryggja að umfang og rekstur sé í samræmi við ábyrgðir og tryggingar.

Við erum fylgjandi því að reglur séu settar og leyfi sett í lög varðandi sérútbúna jeppa. Taka verður tillit til þess að farþega fjöldi getur farið í 200 manns í dagsferðir nokkrum sinnum á ári. Það krefst um það bil 50 superjeppa þá daga. Þannig að fjölmargir jeppar þurfa aðeins leyfi í nokkra daga á ári meðan aðrir þurfa að hafa leyfi allt árið.

Fyrirtæki með slíkan rekstur þarf að hafa möguleika á að bæta þanning við sig súb jeppum með stuttum fyrirvara á sína ábyrð og á sínu leyfi.

Annar mikilvægur þáttur snýr að fjármálaráðuneytinu, en þeir vita ekki hverjir eru með súb jeppa sem atvinnutæki og hverji ekki.

Með þessu væri stigið það skref að skilja á milli atvinnumenskunar og áhugamensku.

Við erum tilbúin til að mæta á fund og ræða málið frekar ef óskað er.

Kær kveðja
Arngrímur Hermannsson

354 5674969

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Félag hópferðaleyfishafa og Félag sérleyfishafa.

Gildandi lög um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum eru nr. 53/1987. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögumum frá setningu þeirra, einkum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en engu síður telur ráðuneytið brýna ástæðu til að endurskoða lög in heild.

Þótt gildandi lög hafi verið sett 30. mars 1987 eru þau að stofni til mun eldri. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þessarar greinar, hópferðaaakstur hefur aukist gífurlega og eins og fyrr segir hefur aðild Íslands að EES kallað á töluverðar breytingar á lögum og reglum er gilda um atvinnubifreiðar og akstur þeirra. Þótt þegar hafi verið brugðist við hluta breytinga vegna þessa hafa þó enn orðið breytingar innan regluverks Evrópusambandsins sem kalla á breytingu á lögum þessum. Af því tilefni er nauðsynlegt að taka á öðrum þáttum er mál þetta varðar.

Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr að útgáfu leyfa. Í gildandi lögum sér samgönguráðuneytið um útgáfu sérleyfa og hópferðaleyfa auk sætaferðaleyfa. Samgönguráðherra nýtur þó ráðgjafar skipulagsnefndar fólksflutninga um leyfisveitingar en í henni sitja fulltrúar hagsmunaaðila auk fulltrúa samgönguráðherra. Ákvörðunum ráðuneytisins verður auðvitað ekki skotið til annars stjórnvalds þar sem það er æðsta stjórnáslustigið. Þetta fyrirkomulag er um margt óheppilegt og eðlilegt að gera breytingar á því, fyrst og fremst til að tryggja málskot þeirra aðila sem mál kann að varða til samgönguráðuneytisins þar sem úrskurður æðsta stjórnáslustigs er tryggður. Með því skapast mun skilvirkari og öruggari stjórnáslustimeðferð. Því er lagt til hér að Vegagerðin taki að sér útgáfu þeirra leyfa sem um getur í frumvarpinu auk eftirlits með einstökum þáttum þess. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að skipulagsnefnd fólksflutninga verði lögð niður. Ákvörðunum Vegagerðarinnar er svo unnt að skjóta til samgönguráðuneytis samkvæmt venjulegum stjórnáslustureglum. Það er skoðun ráðuneytisins að þetta verkefni falli vel að öðrum verkefnum Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur þegar eftirlit með okuritum og þungatakmörkunum atvinnubifreiða á vegum úti í umboði dómsmálaráðuneytis og því er fremur hægt um vik fyrir starfsmenn vegaeftirlits að taka þetta verkefni að sér.

Þá eru lagðar til töluverðar breytingar á útgáfu leyfa. Gert er ráð fyrir að allir sem ætla að stunda fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri skuli hafa leyfi. Í slíku grunnleyfi felst m.a. það sem nú er kallað hópferðaleyfi og flutningur með skólanemendum og starfsfólk til og frá vinnustað. Þá er gert ráð fyrir að ekkja þurfi sérstaklega um leyfi til reglubundinna flutninga eða sérleyfi og er þá skylt að umsækjandi hafi þegar leyfi til að stunda fólksflutninga. Enn fremur er gert ráð fyrir að unnt sé að gefa út leyfi til annarra reglubundinna flutninga í skamman tíma, eða eitt ár, og er þá sama uppi á teningnum, umsækjendur um slíkt leyfi þurfa að hafa leyfi til að stunda fólksflutninga á landi. Þá er leyfi til ferða fram og til baka milli landa fellt niður en það er vegna reglna Evrópusambandsins. Í frumvarpinu er einnig kynnt ný tegund leyfis þ.e. leyfi um ferðir sérútbúinna bifreiða t.d. til fjallaferða. Skal Vegagerðin gefa út slíkt leyfi enda þótt bifreið rúmi

færri farþega en nú. Til að fá slíkt leyfi þarf umsækjandi einnig að hafa grunnleyfi til að stunda fólksflutninga á landi jafnframt því sem leyfið skal vera notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn.

Þá eru skilyrði þess að fá leyfi til að stunda fólksflutninga á landi hert nokkuð. Í stað þess að umsækjandi sýni fram á að hann hafi óflekkað mannorð skal hann uppfylla ákveðin skilyrði sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Er það í samræmi við hugtakanotkun Evrópusambandsins um góðan orðstír (good repute) en ekki þótti heppilegt að setja hugtak þetta í frumvarpið þar sem það er ekki þekkt í íslenskri löggjöf. Hér er um mun strangari skilyrði að ræða en um getur í skilgreiningu á óflekkuðu mannorði og á mun betur við það starfssvið sem fjallað er um hér. Þá er einnig gerð krafa um að umsækjendur fari á námskeið áður en þeir fái leyfi úthlutað og er það á hendi Vegagerðarinnar að sjá um að slík námskeið verði haldin. Einnig er kveðið á um fullnægjandi fjárhagsstöðu en hana skal nánar kveðið á um í reglugerð. Þessi ákvæði um skilyrði leyfis eru að miklum hluta komin til vegna reglna Evrópusambandsins, einkum reglugerðar 96/26/EB sem innleidd var í íslenska löggjöf með reglugerð nr.462/1998, um aðgang að sta

rfsgrein farmflytjenda og farþegaflytjenda á landi og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og öðrum vitnisburði um formlega menntun í innanlands- og millilandaflutningum. Í viðauka með reglugerðinni er einnig tiundað námsefni á því námskeiði sem umsækjendum um leyfi samkvæmt þessu frumvarpi er gert að taka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er hugtökum breytt nokkuð til samræmis við hugtakanotkun innan Evrópusambandsins. Þessi hugtök er fíest að finna í gildandi lögum en rétt þykir að skýra merkingu þeirra þegar í upphafi.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Vegagerðin taki að sér útgáfu leyfa í stað samgönguráðuneytisins eins og nú er. Það er skoðun ráðuneytisins að með því fáiist mun betra eftirlit með því að lögunum sé fylgt, enda hefur Vegagerðin eftirlit með atvinnubifreiðum um allt land. Einnig er stuðlað að mun öruggari og skilvirkari stjórnsýslu þar sem öllum ákvörðunum Vegagerðarinnar er hægt að skjóta til ráðuneytisins sem æðra stjórnvalds.